

og niðurstöðum hennar (þar sem um er að ræða framleiðslulotu, skal fjöldi eintaka sem voru prófuð tilgreind).

- 11) Ef krókurinn þarfnast sérstakrar meðferðar, viðhalds og/eða eftirlits eiginleika sinna vegna, ber að láta upplýsingar um slíkt fylgja.
 - 12) Undirskrift í samræmi við 1. lið.
 - 13) Staða undirskriftaraðila innan framleiðslufyrirtækis eða staða viðurkennds umboðsmanns framleiðanda.
 - 14) Staður og dagsetning.
- 4.2. Krókur sem framleiddur er eftir innlendum eða alþjóðlegum staðli verður að bera læsilegt og óforgengilegt gæðamerki til samræmis við þann staðal.

REGLUR

um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði).

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti, og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um lyfti- og flutningabúnað eins og hann er skilgreindur í 2. gr. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum þeim sem um getur í 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkan búnað sem jöfnum höndum er notaður við atvinnurekstur og til einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum.

2. gr.

1. Í þessum reglum merkir lyfti- og flutningabúnaður allan lyfti- og flutningabúnað hvort sem hann er rafdrifinn, vökvadrifinn eða á annan hátt vélknúinn, svo sem fólkslyftur, fólks- og vörulyftur, byggingalyftur, vörulyftur, krana, færíbönd og lyfti- og dráttartæki. Reglurnar gilda einnig um íhluta þessara tækja.
2. Í þessum reglum merkir íhluti sérhvern hluta af lyfti- og flutningabúnaði eins og honum er lýst í sérreglum.
3. Reglur þessar ná ekki yfir lyfti- og flutningabúnað sem einkum er ætlaður til nota við tilraunir, notaður er á skipum, við olíuleit og olíuvinnslu á hafsbotni, við námavinnslu eða meðferð geislavirkra efna.
4. Í sérreglum fyrir hvern flokk lyfti- og flutningabúnaðar verður mælt fyrir um tækniröfur að því er varðar hönnun og eftirlitsaðferðir vegna búnaðarins og íhluta hans.

3. gr.

1. Í þessum reglum merkir:

EBE-gerðarviðurkenning: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) staðfestir og vottar að afloknum prófunum, að gerð lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta fyrir hann uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-sannprófun: Sú tilhögun þegar stjórnvald aðildarríkis innan EES getur að afloknum prófunum staðfest að tiltekið tæki eða íhlutur uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-gerðarprófun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir og vottar að afloknum prófunum að gerð búnaðar eða íhluta uppfylli þær kröfur sem samræmdar hafa verið samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

EBE-skoðun: Sú tilhögun þegar aðili, sem hlotið hefur samþykki stjórnvalds aðildarríkis innan EES, staðfestir með útgáfu á vottorði um EBE-gerðarprófun í samræmi við þessar reglur og viðkomandi sérreglur, að tæki eða íhlutar hafi verið framleiddir í samræmi við viðurkenndar gerðir.

EBE-yfirlýsing framleiðanda: Sú tilhögun þegar framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sem hefur staðfestu innan EES, vottar á eigin ábyrgð að tæki eða íhluti uppfylli samræmdar kröfur samkvæmt þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

2. Í sérreglum er kveðið á um tæknikröfur, skoðun og prófun fyrir þá flokka lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta sem um getur í 2. gr. Í þeim er tilgreint hver þeirra aðferða sem um getur í 1. tölul. þessarar greinar skuli viðhöfð um tiltekinn flokk búnaðar eða íhluta.

4. gr.

1. Í þessum reglum merkir „EBE-gerð af lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut“ hvert það tæki eða íhlut sem uppfyllir kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna og ber í samræmi við það EBE-gerðarmerkið sem um getur í 20. gr.
2. Ekki er heimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun á lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut af EBE-gerð af ástæðum er varða smíði hlutarins eða eftirlit með smíðinni.
3. Heimilt er eftir sérreglum að mæla fyrir um skoðun á lyfti- og flutningabúnaði og/eða íhlutum af EBE-gerð þegar hann er settur upp eða tekinn í notkun og með reglulegu millibili eftir það.

II. KAFLI

EBE-gerðarviðurkenning.

5. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarviðurkenning vera forsenda þess að búnaður eða íhluti sé settur á markað eða tekinn í notkun.
2. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu í aðildarríki innan EES, veitir Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir EBE-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta sem uppfylla kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna.
3. Eigi að sækja um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir tiltekna gerð lyfti- og flutningabúnaðar eða íhluta skal hún einvörðungu lögð fram í einu aðildarríki innan EES. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu, hafna henni, afturkalla hana tímabundið eða til frambúðar í samræmi við ákvæði þessa kafla og I. viðauka.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu og sendir umsækjanda. Vottorðið um EBE-gerðarviðurkenningu verður að vera með því sniði sem sýnt er í III. viðauka
2. Í sérreglum er heimilt að mæla svo fyrir að EBE-gerðarviðurkenning sé háð tilteknum skilyrðum eða tímamörkum.
3. Framleiðanda ber að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hvenær hann hyggst hefja fjöldaframleiðslu á EBE-gerð af búnaði eða íhlut, sé þess krafist í sérreglum.

7. gr.

1. Ef Vinnueftirlit ríkisins kemst að því að eitt eða fleiri tæki eða íhlutir, sem hlotið hafa viðurkenningu á Íslandi, eru ekki í samræmi við þá gerð sem hlaut samþykki, ber því að afturkalla viðurkenninguna tímabundið eða til frambúðar.
2. Heimilt er þó að láta EBE-viðurkenninguna gilda áfram enda telji Vinnueftirlitið að sá mismunur, sem komið hafi í ljós, sé minniháttar og hafi ekki veruleg áhrif á hönnun tækisins eða íhlutans og að heilsu manna og öryggi stafi ekki hætta af. Þar sem svo háttar til krefst Vinnueftirlitið þess að framleiðandinn geri viðeigandi breytingar á framleiðslunni svo skjótt sem verða má. Þó krefst Vinnueftirlitið, hvað sem öðru líður, þess að viðeigandi breytingar verði gerðar hafi ekki verið farið að kröfum sérreglna. Heimilt er að afturkalla viðurkenninguna ef framleiðandinn fer ekki að þessum kröfum.
3. Vinnueftirlitið afturkallar EBE-gerðarviðurkenningu ef það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að veita hana eða að skilmálarnir sem um getur í 2. tölul., 6. gr. hafa ekki verið uppfylltir.
4. Þá skal enn fremur gera ráðstafanir í samræmi við 1., 2. og 3. tölul. ef í ljós kemur eftir ábendingu annars aðildarríkis innan EES að fyrir hendi séu einhver þau málsatvik sem þar um ræðir.
5. Vinnueftirlitið tilkynnir stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum um afturköllun EBE-gerðarviðurkenningar.

III. KAFLI

EBE-sannprófun og yfirlýsing framleiðenda.

8. gr.

Í sérreglum þar sem kveðið er á um EBE-sannprófun eða EBE-yfirlýsingu framleiðenda er tekið fram hvaða tilhögun verði fylgt.

IV. KAFLI

EBE-gerðarprófun og vottorð um EBE-gerðarprófun.

9. gr.

1. Sé kveðið á um það í sérreglum skal EBE-gerðarprófun vera forsenda þess að búnaður eða íhluti sé settur á markað eða tekinn í notkun.
2. EBE-gerðarprófun skal framkvæmd af þeim aðilum sem til þess eru skipaðir af Vinnueftirliti ríkisins, ef óskað er eftir henni á Íslandi.

10. gr.

1. Aðilar sem Vinnueftirlit ríkisins tilnefnir til að framkvæma EBE-gerðarprófun í samræmi við 11. gr. skulu uppfylla lágmarksskilyrði þau sem mælt er fyrir um í II. viðauka án þess það hindri stjórnvöld aðildarríkjanna á nokkurn hátt í því að gera ráðstafanir og mæla fyrir um skilmála sem þau telja við hæfi innanlands, til að tryggja að aðilarnir

starfi á virkan, samræmdan og óaðfinnanlegan hátt. Ekki er skylt að samþykkja aðila þó hann uppfylli lágmarkskröfurnar.

2. Hafi Vinnueftirlitið veitt aðila eða aðilum viðurkenningu til að gera EBE-gerðarprófun sendir það stjórnvöldum annarra aðildarríkja nafn aðilans eða skrá yfir þá aðila sem hlut eiga að máli. Það tilkynnir einnig um allar síðari breytingar á skránni.

11. gr.

1. Vottorðið um EBE-gerðarprófun skal vera það skjal sem samþykktur aðili notar til að votta að gerð búnaðar eða íhluta sé í samræmi við kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES, ber þeim samþykktu aðila sem um getur í 10. gr. að framkvæma EBE-gerðarprófun á gerð búnaðar eða íhluta. Ef gerðin uppfyllir kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna og framleiðandinn skuldbindur sig til að uppfylla þá skilmála sem um getur í 17. gr. og í sérreglum, skal hinn samþykkti aðili gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun með því sniði sem sýnt er í III. viðauka nema kveðið sé á um annað í sérreglum. Búnaður eða íhlutarnir sem verða framleiddir eftir að hafa fengið vottorð um EBE-gerðarprófun verða að vera með sama sniði og það tæki sem vottun hlaut.
2. Samþykktu aðilarnir gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun, neita að gefa þau út og afturkalla þau tímabundið eða til frambúðar í samræmi ákvæði þessa kafla og I. viðauka.
3. Umsóknir um EBE-gerðarprófun vegna sömu gerðar af tæki skulu einvörðungu sendar til eins samþykks aðila.
4. Vottorðin um EBE-gerðarprófun skulu háð þeim skilmálum sem frá greinir í 17. gr. og heimilt er einnig að gefa þau út til skamms tíma eða með öðrum fyrirvörum sem fram koma í sérreglum.
5. Kröfur vegna EBE-vottunar eru skráðar í I. viðauka.

12. gr.

1. Komist samþykktur aðili að því að eitt eða fleiri einstök af búnaði eða íhluta af þeirri gerð, sem hann hefur gefið út vottorð fyrir um EBE-gerðarprófun, eru ekki í samræmi við gerðina skal hann veita vottorðshafa ákveðinn frest til að breyta framleiðslu og afturkalla vottorðið tímabundið ef þurfa þykir. Ef nauðsyn krefur skal þess getið í sérreglum um búnað eða íhluta þann sem í hlut á hve mörg tilfelli þurfi til að samþykkti aðilinn grípi inn í. Verði ekki gerð breyting innan þess frests sem veittur er, ber samþykktu aðilanum að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar.
2. Samþykkti aðilinn, sem hefur veitt vottorð um EBE-gerðarprófun, verður að afturkalla það ef hann kemst að því að ekki hefði átt að veita vottorðið, eða að skilyrðin sem um getur í 4. tölul. 11. gr. hafa ekki verið uppfyllt.
3. Honum ber að afturkalla vottorðið tímabundið eða til frambúðar ef vottorðshafi stendur ekki við skuldbindingar sínar gagnvart honum sem getið er um í 11. og 17. gr.

13. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins tryggir að samþykktu aðilarnir leysi ofangreind störf rétt af hendi. Samþykktum aðila er skylt að leyfa Vinnueftirlitinu að láta fara fram kannanir á starfsemi þeirra hvenær sem er.
2. Vinnueftirlitið getur heimilað að aðili, sem það hefur samþykkt og án þess að takmarka ábyrgð þess aðila, falið einni eða fleiri rannsóknarstofum að gera prófanir sem fara eiga fram í sambandi við EBE-gerðarprófun og EBE-skoðun sem kveðið er á um í V. kafla, að því tilskildu að téðar rannsóknarstofnanir uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2., 3., 4. og 7. hluta í II. viðauka.

3. Vinnueftirlitið gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umsækjandi eða sá aðili sem fær útgefið vottorð um EBE-gerðarprófun geti áfrýjað ákvörðunum samþykkt aðila um að neita að gefa út vottorð um EBE-gerðarprófun eða fella það úr gildi tíma-bundið eða til frambúðar.
4. Telji Vinnueftirlitið að aðili sem það hefur samþykkt ræki ekki skyldur þær sem um getur í 11. og 12. gr. að réttu lagi skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir gagnvart honum.
5. Vinnueftirlitið dregur til baka viðurkenningu sína, telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur þau lágmarksskilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka eða að hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

14. gr.

1. Dragi Vinnueftirlit ríkisins viðurkenningu sína til baka ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framhald verði á að ræktar verði þær skyldur sem af undangenginni útgáfu vottorðanna um EBE-gerðarprófun leiðir, áður en það afturkallar viðurkenninguna.
2. Vinnueftirlitið afturkallar öll vottorð sem aðilinn hefur gefið út, áður en viðurkenningin er dregin til baka, ef útgáfu þeirra hefur verið ábótavant.

15. gr.

1. Ef eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 12. gr. kemur upp á Íslandi vekur Vinnueftirlit ríkisins athygli lögbærra stjórnvalda aðildarríkisins innan EES, þar sem vottorðið var gefið út, á þeirri staðreynd.
2. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkinu þar sem vottorðið um EBE-gerðarprófun var gefið út eiga að skylda hlutaðeigandi samþykktan aðila að gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 12. gr.

V. KAFLI

EBE-skoðun.

16. gr.

Vinnueftirlit ríkisins tryggir að EBE-skoðunin sé framkvæmd, en markmið hennar er að tryggja að EBE-merkið sé rétt notað. Samþykktu aðilarnir, sem um getur í 10. gr. og gefið hafa út EBE-gerðarvottorð, geta framkvæmt skoðunina. Skoðun fer meðal annars fram með því að tekin eru sýni eða gerðar vettvangskannanir. Aðilarnir sem framkvæma skoðunina verða að uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka og tilkynna verður um þær í samræmi við 10. gr.

17. gr.

1. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sem hefur staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins og notar EBE merkið skal:
 - a) tilkynna samþykktum aðila sem veitti EBE-gerðarvottorð um:

staðina þar sem búnaðurinn er framleiddur eða geymdur eftir beiðni samþykkt aðilans, daginn sem framleiðsla hefst,

annað það sem samþykkti aðilinn þarf að vita svo honum sé gert kleift að vinna starf sitt og það sem kveðið er á um í sérreglum,

- b) veita fulltrúum samþykkt aðilans sem gaf vottorðið út aðgang að téðum framleiðslu- eða geymslustöðum svo og að meginskjalasafni og að veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem slíkri skoðun eru viðkomandi,

- c) leyfa þeim aðila sem gaf vottorðið út að taka eitt eða fleiri einstök af búnaði eða íhluta sem sýni á framleiðslu- eða geymslustað.
2. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð lætur öðrum samþykktum aðilum aðildarríkja innan EES í té afrit af skýrslum um prófunina og tæknilýsingar samkvæmt beiðni.
3. Handhafa EBE-merkis er skylt að viðhafa framleiðslueftirlit og skoðun eða sjá til þess að það fari fram og hafa nærtæk þau tæki sem nauðsynleg eru til þess að fylgjast á fullnægjandi hátt með því að búnaður sá eða íhlutar sem framleiddir eru samsvari þeim búnaði sem EBE-gerðarvottorð var gefið út fyrir.

18. gr.

1. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð skipuleggur EBE-skoðun á framleiddum búnaði eða íhlutum sem EBE-gerðarvottorð hefur verið gefið út fyrir. Þessi skoðun á, í fyrsta lagi, að gera samþykktu aðilanum kleift að sannreyna hvort framleiðandinn hafi þau skoðunartæki sem um getur í 3. tölul. 17. gr. og í annan stað hvort framleiðandinn tryggi það með eftirliti sínu að framleiðsla búnaðarins eða íhlutanna sé í samræmi við búnað þann eða íhluti sem EBE-gerðarvottorð var gefið út fyrir, t.d. hvort hann haldi bókhald yfir skoðanir, ef honum hefur verið skylt að gera það. Samþykkti aðilinn getur enn fremur beitt sér fyrir því að sýni verði tekin fyrirvaralaust á tilgreindum framleiðslustað eða vörugeymslu. Eigi er heimilt að hindra að aðilinn taki sýni gegn greiðslu á hvaða sölustigi sem er.
2. Ef búnaðurinn er framleiddur, geymdur eða settur á markað í öðru aðildarríki innan EES en heimaríki samþykktu aðilans sem veitti EBE-gerðarvottorðið annast sá aðili allt nauðsynlegt samband við samþykktu aðilann í aðildarríkinu þar sem taka á sýni vegna áðurnefndrar skoðunar. Aðilinn sem framkvæmdi skoðunina skal senda um það skýrslu til samþykktu aðilans sem gaf út EBE-gerðarvottorðið.

19. gr.

1. Komi það í ljós í þeirri skoðun sem um getur í 18. gr. að búnaðurinn eða íhlutar eru ekki í samræmi við búnaðinn eða íhlutana sem hlutu EBE-gerðarvottorðið, og að kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna eru ekki uppfylltar, skal samþykkti aðilinn grípa til einhverra eftirtalinna ráðstafana gegn handhafa EBE-merkisins:
 - a) gefa einfalda viðvörun þar sem formlega er farið fram á það að látið verði af brotlegri hegðun innan ákveðins frests;
 - b) gefa viðvörun eins og í a-lið ásamt tíðari skoðunum,
 - c) afturkalla EBE-gerðarvottorð tímabundið,
 - d) afturkalla EBE-gerðarvottorð til frambúðar.

Einungis þeim samþykktu aðila sem gaf út EBE-gerðarvottorð er heimilt að gera þessar ráðstafanir.

2. Fyrstu tvær ráðstafanirnar skulu gerðar þegar frávikin eru þess eðlis að þau snerta ekki almenna hönnun búnaðarins, eða þar sem um er að ræða minni háttar brot og ef öryggi eða heilsu manna er engin hættu af þeim búin. Grípa skal til annarrar hvorrar síðastnefndu aðgerðanna ef frávikin eða tiltekin brot eru veruleg og ætíð ef þau leiða til þess að öryggi manna eða heilsu stafi hættu af.
3. Samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorðið verður einnig að afturkalla vottorðið:

ef framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, kemur í veg fyrir að skoðun sú sem um getur í 18. gr. fari fram,

ef hann kemst að því að ekki hefði átt að gefa út EBE-gerðarvottorð.

4. Ef samþykkti aðilinn sem veitti EBE-gerðarvottorð fær ábendingar frá samþykktum aðila í öðru aðildarríki innan EES um eitthvert þeirra tilvika sem um getur í 2. og 3. tölul. skal hann einnig, að höfðu samráði við þann aðila, gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í nefndum málsgreinum.
5. Ef EBE-gerðarvottorð er afturkallað tímabundið eða til frambúðar ber að tilkynna um það til stjórnvalda aðildarríkja innan EES og samþykktra aðila.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði um EBE-gerðarviðurkenningu, EBE-sannprófun og EBE-gerðarprófun.

20. gr.

1. Þegar EBE-samræmismerkið er sett á búnaðinn eða íhlutann er staðfest að hann er framleiddur í samræmi við þá gerð sem hlotið hefur viðurkenningu eða vottorð um EBE-gerðarprófun.
2. Vottorðið um EBE-gerðarviðurkenningu eða vottorð um EBE-gerðarprófun veitir framleiðandanum heimild til þess, á eigin ábyrgð, að setja EBE-merkið á þær vörur sem á að setja á markað og eru í samræmi við þá gerð sem vottorð var veitt fyrir eða að gefa út gerðarvottorð í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka ef ákvæði eru um slíkt í sérreglum. Fyrirmæli um EBE-merkið eru skráð í I. viðauka.
3. Vinnueftirlit ríkisins gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að á lyfti- og flutningabúnaði eða íhlutum sem hljóta EBE-gerðarviðurkenningu eða fá EBE-skoðun eða EBE-gerðarprófun, séu engin þau merki eða stafir sem hætta er á að ruglað verði saman við EBE-merkið.

VII. KAFLI

Undanþáguákvæði.

21. gr.

1. Heimilt er að hönnun búnaðar eða íhluta og framleiðsluaðferðir víki í ákveðnum tilvikum frá ákvæðum sérreglna, án þess að búnaðurinn og/eða íhlutinn hætti að heyra undir 2. tölul. 4. gr. í þessum reglum, að því tilskildu að þær breytingar sem eru gerðar veiti öryggi manna og heilsu að minnsta kosti jafnmikla vernd og áður.
2. Í öllum sérreglum skal tiltaka sérstaklega frá hvaða ákvæðum megi veita slíka undanþágu og í hvaða tilvikum slíkt er óheimilt.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

22. gr.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af lyfti- og flutningabúnaði eða íhlut, þó að hann uppfylli kröfur þessara reglna og sérreglna, er því heimilt að banna tímabundið eða takmarka á yfirráðasvæði sínu markaðssetningu og notkun á búnaði og/eða íhlut til þeirra nota sem hann er ætlaður. Vinnueftirlitið tilkynnir framkvæmdastjórn EB og stjórnvöldum annarra aðildarríkja um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

23. gr.

Útgjöld sem stofnað er til vegna EBE-gerðarviðurkenningar, EBE-gerðarprófunar og EBE-skoðunar koma í hlut framleiðanda, eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem mælst hefur til þess að þessi tilhögun verði viðhöfð.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/528 sem vísað er til í 2. tölul. III. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

X. KAFLI

Áfrýjun úrskurðar.

25. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknar eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

XI. KAFLI

Refsiákvæði.

26. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

XII. KAFLI

Gildistaka.

27. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul. III. kafla II viðauka, tilskipun 84/528/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað, eins og henni var breytt með 87/354/EBE. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu en fram til 31. desember 1994 er þó heimilt að selja lyfti- og flutningabúnað sem ekki uppfyllir reglur þessar, enda uppfylli hann kröfur samkvæmt gildandi lögum og áður gildandi reglum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

EBE-gerðarviðurkenning og EBE-gerðarprófun.

1. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA EBE-GERÐARPRÓFUN

- 1.1. Umsóknin sjálf og bréfaskipti henni tengd skulu vera á opinberu tungumáli (eða einu af opinberum tungumálum) þess ríkis sem veitir umsókninni viðtöku. Það ríki eða samþykktur aðili eða aðilar sem það hefur veitt viðurkenningu geta farið fram á að fylgiskjöl séu einnig rituð á því sama opinbera tungumáli.
- 1.2. Í umsókninni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
 - nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrirtækis, viðurkennds fulltrúa framleiðanda eða umsækjandans
 - flokkur búnaðar og/eða íhluta
 - fyrirhuguð notkun og hugsanlegar takmarkanir á notkun
 - vörumerki, ef við á og gerð
 - tæknilýsingar
- 1.3. Umsókninni fylgi tvö eintök af þeim skjölum sem þarf til að fjalla um hana, þar á meðal:
 - 1.3.1. — þær tækniupplýsingar sem um er beðið í sérreglum
 - staðsetning EBE-merkisins sem frá er greint í þessum reglum og annarra merkja sem greint er frá í sérreglum
 - 1.3.2 vitnisburður um að engin önnur umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun hafi verið lögð fram vegna sama búnaðar og/eða íhluta
 - 1.3.3 ef við á, skjöl um hvers konar innlenda viðurkenningu sem þegar hefur verið veitt og þá íhluti sem þegar eru í notkun og hlotið hafa EBE-gerðarviðurkenningu eða hafa gengist undir EBE-gerðarprófun og EBE-sannprófun.

2. UMFJÖLLUN UMSÓKNAR

- 2.1. Umsóknina ber að meta á grundvelli smíðateikninga og tækja og/eða íhluta ef þeim er til að dreifa.

Þessi umfjöllun nær yfir hvers konar eftirlit og prófanir sem um getur í þessum reglum og viðkomandi sérreglum.

- 2.2. Í sérreglum um ýmsa flokka lyfti- og flutningabúnaðar og/eða íhluta eru settar reglur um framleiðslu, útreikninga, og prófanir ef nauðsyn krefur, um reiknistuðla sem notaðir verða við téða útreikninga og um gerð og eiginleika þeirra efna sem heimilt er að nota við framleiðslu þessa lyfti- og flutningabúnaðar.

3. EBE-VOTTORÐ OG -MERKI

Í vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu og um EBE-gerðarprófun ber að greina frá niðurstöðum gerðarprófana og skilmálum sem útgáfa þess kann að vera bundin. Vottorðinu fylgi lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru, svo og notkunarleiðbeiningar ef þess gerist þörf. EBE-merkið sem kveðið er á um í 20. gr. í þessum reglum skal vera stafurinn E, stílfærður og innan í sexhyrningi þar sem í sé skráð:

Í efri hlutann, númer sérreglna í tímaröð eftir því hvenær þær hafa verið samþykktar og auðkennisstafir ríkisins (hástafir) þar sem vottorðið var gefið út (A fyrir Austurríki, B fyrir Belgíu, CH fyrir Sviss, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, DK fyrir Danmörku, F fyrir Frakkland, FL fyrir Liechtenstein, GR fyrir Grikkland, I fyrir Ítalíu, IRL fyrir Írland, IS fyrir Ísland, N fyrir Noreg, L fyrir Lúxemborg, NL fyrir Holland, S fyrir Svíþjóð, SF fyrir Finnland, UK fyrir Breska konungsríkið) og síðustu tveir stafirnir í útgáfuári vottorðsins

númer vottorðsins í neðri hlutanum.

Dæmi um merkið er sýnt í lið 6.1.

4. BREYTINGAR Á VÖRU SEM ÞEGAR ER KOMIN Á MARKAÐ

Tilkynna verður stjórnvöldum í aðildarríkinu eða samþykktu aðilanum, sem gefið hefur út vottorð, um allar verulegar breytingar, einkum þær sem hafa í för með sér að viðskiptaheiti vörunnar breytist.


5. AUGLÝSING VOTTORÐA

- 5.1. Jafnframt því sem umsækjanda er gert viðvart skal stjórnvald í því aðildarríki þar sem vottorðið var gefið út senda afrit til stjórnvalda hinna aðildarríkjanna, sem geta einnig fengið afrit af ítarlegum tæknilýsingum um búnaðinn og af skýrslum um skoðanir og prófanir sem fram hafa farið.
- 5.2. Sé EBE-vottorð afturkallað ber að auglýsa það í samræmi við tilhögunina sem mælt er fyrir um í lið 5.1.
- 5.3. Neiti stjórnvald aðildarríkis innan EES að gefa út vottorð er það tilkynnt stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum, annaðhvort beint ef um EBE-gerðarviðurkenningu er að ræða eða óbeint fyrir milligöngu samþykks aðila ef um er að ræða EBE-gerðarprófun.

6. EBE-MERKIÐ

- 6.1. EBE-merkið (sjá 3. lið)

Dæmi:



Vottorð sem veitt er af Sambandslýðveldinu Þýskalandi, eða samþykktum aðila sem það hefur tilnefnt, á árinu 1979 samkvæmt fyrstu sértílskipuninni.

Númer vottorðsins.

- 6.2. Heimilt er að kveða á um staðsetningu og stærð EBE-merkjanna í sérreglum. Sé annað ekki tekið fram í sérreglum verða bók- og tölustafirnir í merkinu að vera að minnsta kosti 5 mm háir.
- 6.3. Merkið verður að vera sýnilegt, læsilegt og tryggilega fest á allan búnað og hvern íhlut.

II. VIÐAUKI

Lágmarksskilyrði sem aðildarríki EES þurfa að taka tillit til þegar þau tilnefna samþykktu aðila.

1. Stjórnandi eða starfsmenn samþykktu aðilans mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar og ekki vinna við uppsetningu búnaðarins né vera viðkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu, kynningu eða viðhaldi búnaðarins. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og samþykktu aðilans.
2. Starfsmenn sem annast prófun á búnaðinum, áður en vottorð um EBE-gerðarprófun er

gefið út og skoðun framkvæmd, skulu gæta þess að störf þeirra séu unnin af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.

3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfsskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast útgáfu EBE-vottorða og framkvæmd skoðana; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma prófanir og skoðanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:

trausta tækni- og fagmenntun,

viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,

kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.

5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum þeirra.
6. Skoðunaraðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum stjórnvalds aðildarríkis.
7. Starfsmenn skoðunaraðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessar reglur og sérreglur eða ákvæðum landslaga sem veita þessum reglum gildi.

III. VIÐAUKI

**FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU EÐA
EBE-GERÐARPRÓFUN FYRIR LYFTI- OG FLUTNINGABÚNAÐ OG/EÐA
ÍHLUTA.**

Lögbært stjórnvald eða samþykktur aðili

.....

.....

Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu eða EBE-gerðarprófun¹

.....

.....

Nr. EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar¹

1. Flokkur, gerð og vörueiti eða vörumerki

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda

.....

.....

3. Nafn og heimilisfang vottorðshafa

.....

.....

4. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar eða EBE-gerðarprófunar hinn¹

5. Vottorð gefið út á grundvelli eftirfarandi kröfu:

.....

6. Prófunarstaður

7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu

8. EBE-gerðarviðurkenning eða EBE-gerðarprófun veitt hinn¹

9. Eftirtalin skjöl sem merkt eru með ofangreindu númeri EBE-gerðarviðurkenningar eða
EBE-gerðarprófunar 1 fylgja þessu vottorði

10. Aðrar upplýsingar

.....

Útgefið hinn

(undirskrift)

¹ Stríkið yfir það sem ekki á við

IV. VIÐAUKI
EBE-SAMRÆMISVOTTORÐ.

Ég undirritaður/uð
(eftirnafn og skírnarnöfn)

lýsi því hér með yfir að neðangreint, búnaður --- uppsetning --- íhlutir --- lyfti- og flutninga-
búnaður ¹

1. Flokkur
2. Framleiðandi.....
.....
3. Gerð
4. Framleiðslunúmer
5. Framleiðsluár.....

er í samræmi við

— þær gerðir sem viðurkenndar eru (EBE-gerðarviðurkenning)¹ ,

— þær gerðir sem prófaðar hafa verið (EBE-gerðarprófun)¹ ,

og taldar eru upp í töflunni hér að neðan

Sérreglur	Vegna gerðarviðurkenningar ¹			Vegna gerðarprófunar ¹		
	nr.	dagsetning	aðildarríki	nr.	dagsetning	samþykktur aðili

Gjört í..... hinn
(dagsetning) (undirskrift)

.....
(staða)

¹ Strikið yfir það sem ekki á við